

Viðauki 1



Nýr vegur frá Látravatni til Látravíkur: úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi

**Rannveig Thoroddsen, Borgný Katrínardóttir
og Sigmar Metúsalemsson**

Unnið fyrir Vegagerðina



**Nýr vegur frá Látravatni til Látravíkur:
úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi**

**Rannveig Thoroddsen, Borgný Katrínardóttir,
og Sigmar Metúsalemsson**

Unnið fyrir Vegagerðina

NÍ-19016


Garðabær, desember 2019



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

*Mynd á kápu: Núverandi þjóðvegur 612, Örlygshafnarvegur liggur í gegnum frístunda-
byggðina í Hvallátrum, meðfram strandlengjunni í Látravík og áfram þar sem hann liggur
utan í neðanverðum hlíðum Brunnanáps og endar svo á Bjargtöngum. Gert er ráð fyrir að nýr
vegur þveri flatlendið (um það bil á miðri mynd) og komi þar inn á núverandi Örlygshafnarveg.
Ljósm. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.*

ISSN 1670-0120

	Náttúrufræðistofnun Íslands Urriðaholtsstræti 6–8 210 Garðabæ Sími 590 0500 http://www.ni.is	Náttúrufræðistofnun Íslands Borgum við Norðurlóð 600 Akureyri Sími 590 0500 http://www.ni.is
Skýrsla nr. NÍ-19016	Dags, Mán, Ár Desember 2019	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Nýr vegur frá Látravatni til Látravíkur: úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi	Upplag 12	Fjöldi síðna 35
		Kort / Mælikvarði 1:5.000
		Verknúmer 12989 Málsnúmer 2019060023
Höfundar Rannveig Thoroddsen, Borgný Katrínardóttir og Sigmar Metúsalemsson		
Unnið fyrir Vegagerðina		
Útdráttur <p>Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum rannsókna sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann sumarið 2019 fyrir Vegagerðina. Rannsóknirnar eru liður í undirbúningi Vegagerðarinnar á matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra veglagningar í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Ný veglína, um 1,8 km, mun liggja frá Örlygshafnarvegi (612) við Látravatn að Látravík þar sem hún sameinast aftur Örlygshafnarvegi við Ytri-Fit. Markmiðið var annars vegar að meta verndargildi vistgerða, plantna og fuglalífs á svæðinu og hins vegar að leggja mat á líkleg áhrif framkvæmdanna á þá þætti.</p> <p>Athugunarsvæðið var afmarkað sem 100 m breitt belti beggja vegna við fyrirhugaða veglínu. Vistgerðir voru kortlagðar innan athugunarsvæðisins en votlendi var einnig kortlagt utan þess. Æðplöntur voru skráðar á sjö stöðvum og upplýsingar um mosa og fléttur á svæðinu voru sóttar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar. Fuglalíf var kannað innan athugunarsvæðisins og á nærliggjandi svæðum en beiðni barst of seint til að hægt væri að meta þéttleika varpugla.</p> <p>Gróðurfar athugunarsvæðisins einkennist af moslendi þar sem landið liggur hæst en grasgefnum móa og graslendi þegar neðar dregur. Næst ströndinni í Látravík tekur við deiglendi með mýrlendisblettum inn á milli. Landið er allvel gróið en sumstaðar er töluverð grýtni. Alls voru 10 landvistgerðir kortlagðar innan athugunarsvæðisins og var hraungambravist ríkjandi. Látravatn flokkast sem tegundaríkt kransþörungavatn. Allflestar vistgerðirnar á athugunarsvæðinu eru algengar á landsvísu og finnast í flestum landshlutum en heildarflatarmál einstakra vistgerða er mismikið. Starungsmýravist er verðmætasta vistgerðin á athugunarsvæðinu. Fimm aðrar landvistgerðir og ferskvatnsvistgerð Látravatns eru með miðlungi – hátt verndargildi. Gróðurfar í Látravík minnir um margt á sjaldgæfa vistgerð sem kallast Machair (skeljasandsvist eða –engi) sem er bundin við norðvesturströnd Bretlandseyja. Verndargildi annarra vistgerða á athugunarsvæðinu er lágt. Á svæðinu hafa alls 119 tegundir æðplanta verið skráðar. Allflestar þeirra eru algengar á landsvísu og með lágt verndargildi. Engar þeirra eru friðaðar eða á válista. Af 76 tegundum mosa á svæðinu teljast tvær vera mjög sjaldgæfar og ein af 10 fléttutegundum er á válista. Áhrif framkvæmda á vistgerðir og flóru yrðu mismikil innan athugunarsvæðisins og að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands verða þau talsvert neikvæð þegar litið er til þessara þátta í heild.</p> <p>Ætla má að allríkulegt fuglalíf sé á svæðinu og bar mest á ritu og kríu. Af 18 fuglategundum sem sáust við athuganir og öðrum þekktum varpfluglum á svæðinu er tæplega helmingur á válista.</p> <p>Athugunarsvæðið fellur undir svæði nr. 307 á náttúruminjasrá og er Látrabjarg innan þess. Vegna flugs rita sem verpa í bjarginu er mælt til þess að staðsetning vegarins verði endurskoðuð en áætluð lega hans skarast á við svæði þar sem þær geta verið á mjög lágu flugi með tilheyrandi slyshættu. Einnig geta neikvæð áhrif á búsvæði mófugla verið nokkur.</p>		
Lykilorð Látravatn, Látravík, Vesturbyggð, vistgerðir, flóra, fuglar, verndargildi, Örlygshafnarvegur, ný veglína, umhverfisáhrif.	Yfirfarið María Harðardóttir	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 ATHUGUNARSVÆÐI	7
3 AÐFERÐIR	7
3.1 Vistgerðir	7
3.2 Flóra	8
3.3 Fuglar	8
4 NIÐURSTÖÐUR	8
4.1 Vistgerðir	10
4.2 Flóra	17
4.3 Fuglar	18
5 UMRÆÐUR	21
5.1 Vistgerðir og flóra	21
5.2 Fuglar	27
6 SAMANTEKT	28
7 ÞAKKARORÐ	28
8 HEIMILDIR	29
9 VIÐAUKAR	31
1. viðauki. Æðplöntur á athugunarsvæðinu	31
2. viðauki. Fjöldi skráðra mosa	34
3. viðauki. Skráðar fléttur	35

1 INNGANGUR

Vegagerðin vinnur að undirbúningi að breytingu á núverandi vegi um Hvallátra við Látravík í V-Barðastrandarsýslu. Til stendur að færa veginn út fyrir frístundabyggðina sem þar er en mikið ónæði er vegna umferðar um svæðið. Ný veglína frá Látravatni til Látravíkur er alls um 1,8 km. Þann 21. júní 2019 óskaði Vegagerðin eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að stofnunin gerði úttekt á gróðurfari og fuglalífi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar veglagningar.

Meginmarkmiðið var að fá yfirlit yfir vistgerðir og tegundasamsetningu þeirra, upplýsingar um hvort um sjaldgæfar eða sérstæðar vistgerðir sé að ræða og að meta verndargildi þeirra. Einnig er gerð grein fyrir verndarstöðu plöntutegunda og fléttna á svæðinu. Beiðni um úttekt barst of seint til að hægt væri að meta fuglalíf á varptíma með fullnægjandi hætti, s.s. þéttleika varpfugla á svæðinu, en yfirlit er gefið yfir þá fugla sem sáust og aðrar tegundir sem eru líklegar til að verpa á svæðinu.

Þar sem um er að ræða matsskyldufyrirspurn er í skýrslunni lagt mat á líkleg áhrif framkvæmda á vistgerðir og flóru. Einnig er lagt mat á líkleg áhrif framkvæmda á fuglalíf miðað við þann árstíma sem farið var á vettvang og út frá fyrirbyggjandi gögnum og vistgerðum á svæðinu.

Rannsóknirnar ættu að gefa nægjanlega góða mynd af náttúru svæðisins svo hægt sé að meta hvort og á hvaða forsendum fyrirhugaðar framkvæmdir eiga að fara í mat á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

2 ATHUGUNARSVÆÐI

Fyrirhuguð ný veglína er í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Hún mun liggja frá Örlygshafnarvegi (612) og sveigja til suðurs við vesturenda Látravatns og áfram neðan við svokallaðar Kistur. Þaðan er stefnan tekin vestur um urðir og niður á flatann þar sem gert er ráð fyrir að veglínan sameinist aftur Örlygshafnarvegi við Ytri-Fit.

Athugunarsvæðið nær til 100 m breiðs beltis beggja vegna miðlínu fyrirhugaðs vegar. Að auki er votlendi sem nær út fyrir framkvæmdasvæðið skilgreint í heild sinni. Afmarkað athugunarsvæði er 38,8 ha að stærð og er frá því að vera í um 80 m h.y.s. við Látravatn og niður í um 10 m h.y.s. á flatanum við Ytri-Fit (vistgerðakort).

3 AÐFERÐIR

3.1 Vistgerðir

Vistgerðir voru kortlagðar og æðplöntutegundir skráðar á athugunarsvæðinu þann 23.–24. júlí 2019 (vistgerðakort, 1. tafla). Vistgerðir á landinu öllu hafa verið kortlagðar í mælikvarðanum 1:25.000 með aðferðum fjarkönnunnar og var sú kortlagning lögð til grundvallar í verkefninu (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Með vistgerð er átt við svæði með svipuðu gróðurfari og dýralífi en einnig eru aðrar aðstæður áþekkar svo sem berggrunnur, jarðvegur og loftslag. Heildarútbreiðsla hvernar vistgerðar á landinu öllu er þekkt og hefur frummat á verndargildi þeirra verið lagt fram (Jón Gunnar Ottósson og Sigurður H. Magnússon 2016). Vistgerðum er einnig skipað saman eftir skyldleika í 14 meginflokkum eða vistlendi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Fyrirliggjandi vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands var notað sem grunnur til að yfirfara á vettvangi og staðfesta eða leiðrétta vistgerðir á athugunarsvæðinu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Við úrvinnslu gagna og framsetningu vistgerða á korti var einnig stuðst við ljósmyndir. Kort yfir vistgerðir var unnið í landupplýsingakerfi í mælikvarða 1:5.000 (vistgerðakort). Reiknað var út flatarmál vistgerða og vistlenda á athugunarsvæðinu sem var alls um 38,8 ha (2. tafla).

3.2 Flóra

Æðplöntutegundir voru skráðar út frá sjö stöðvum (S01–S07) innan athugunarsvæðisins (vistgerðakort, 1. tafla, 1. viðauki). Stöðvarnar voru staðsettar með 100–500 m millibili eftir fyrirhugaðri veglínunni þannig að þær endurspegluðu mismunandi vistgerðir innan svæðisins og spönnuðu þann breytileika sem er að finna í gróðurfari búsvæða plöntutegunda á svæðinu. Á hverri stöð var tegunda leitað og þær skráðar í 1–3 vistgerðum eftir því sem við átti. Staðsetning stöðva var þéttari þar sem meiri breytileiki var í gróðri, sem kom fram í fleiri vistgerðum. Á milli stöðva var einnig horft eftir viðbóartegundum og vaxtarstöðum sjaldgæfra og friðaðra tegunda. Auk athugana á vettvangi voru dregnar saman fyrirliggjandi skráningar á æðplöntum í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Mosar og fléttur voru ekki skráðar á vettvangi en leitað var eftir upplýsingum um þá hópa í gagnagrunni stofnunarinnar (2.–3. viðauki).

Plöntutegundir, sem finnast á landinu, hafa verið flokkaðar út frá algengi og í samhengi við það hefur verndargildi þeirra verið metið (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Annars vegar er metin útbreiðsla tegundar á landinu og hins vegar metið hve mikið er af viðkomandi tegund þar sem hún finnst (1. viðauki). Verndargildi tegunda er metið út frá tíu matsflokkum (1–10) þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Verndargildið byggir á fjölda 10×10 km reita sem tegundin kemur fyrir í, fjölda fundarstaða, mælingum á stærð vaxtarsvæða og algengni tegundar á hverjum stað. Auk þess er tiltekið ef tegund er friðuð samkvæmt lögum eða er á válista (Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, nr. 184/1978, Náttúrufræðistofnun Íslands 1996, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b). Válistaflokkun æðplantna er unnin í samræmi við hættuflokka Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) og var æðplöntulistinn yfirfarinn út frá nýjum viðmiðum árið 2018 en listi yfir mosa og fléttur á válista var unninn 1996. Í 1. viðauka er gefið upp algengnimat og verndargildi æðplöntutegunda sem fundust á athugunarsvæðinu og einnig tegunda sem fundist hafa í samskonar vistgerðum á nærliggjandi svæðum samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tegundaheiti æðplantna eru samkvæmt Herði Kristinssyni (2008).

3.3 Fuglar

Fuglalíf í grennd við veglínuna var kannað 23.–24. júlí 2019 og metið með tilliti til vistgerða. Gengið var eftir áætlaðri veglínunni með hjálp GPS-tækis og þeir fuglar sem sáust á leiðinni skráðir auk þess sem nærliggjandi svæði voru skoðuð.

4 NIÐURSTÖÐUR

Gróðurfur athugunarsvæðisins einkennist aðallega af þurrlendi, einkum moslendi, þar sem landið liggur hæst yfir sjávarmáli en grasgefinn mói og graslendi þegar neðar dregur (1. mynd). Þar sem landið liggur lægst tekur við deiglendi með mýrlendisblettum inn á milli. Einnig eru mýrlendisblettir meðfram og við Látravatn. Landið er allvel gróið en sumstaðar er töluvert af grjóti í moslendinu og grýttir melar þar sem gróðurþekjan er minnst.

1. tafla. Stöðvar á athugunarsvæðinu frá Látravatni að Látravík þar sem æðplöntutegundir og vistgerðir voru skráðar sumarið 2019.

Stöð	Vistlendi	Vistgerð
S01	Melar og sandlendi	Eyðimelavist
	Graslendi	Stinnastaravist
	Mýrlendi/Ferskvatn	Starungsmýravist/tegundaríkt kransþörungavatn (við Látravatn)
S02	Moslendi	Hraungambravist
S03	Melar og sandlendi	Eyðimelavist
	Moslendi	Hraungambravist
S04	Mólendi	Grasmóavist
S05	Mólendi	Mosamóavist
S06	Graslendi	Língresis- og vingulsvist
S07	Graslendi	Grashólavist
	Mýrlendi	Hrossanálarvist
	Mýrlendi	Starungsmýravist

2. tafla. Flatarmál (ha) og hlutfall (%) vistlenda og vistgerða innan athugunarsvæðis fyrirhugaðrar nýrrar veglínu frá Látravatni að Látravík.

Vistlendi Vistgerð	Flatarmál (ha)	Hlutfall (%)	Verndargildi
Melar- og sandlendi	2,26	6	
Eyðimelavist	0,42	1	Lágt
Mosamelavist	1,84	5	Lágt
Moslendi	25,15	65	
Hraungambravist	25,15	65	Lágt
Strandlendi	1,05	3	Miðlungs
Grashólavist	1,05	3	Hátt*
Mýrlendi	2,39	6	
Hrossanálarvist	1,96	5	Miðlungs*
Starungsmýravist	0,43	1	Mjög hátt**
Graslendi	3,05	8	
Stinnastaravist	1,39	4	Miðlungs*
Língresis- og vingulsvist	1,66	4	Hátt*
Mólendi	3,98	10	
Mosamóavist	3,02	8	Lágt
Grasmóavist	0,96	2	Hátt*
Aðrar landgerðir	0,85	2	
Þéttbýli og annað manngert land	0,85	2	
Vötn	0,02	<1	
Tegundarík kransþörungavötn	0,02	<1	Hátt*
Samtals	87,2	100	

* Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

** Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og er metin sem forgangsvistgerð

4.1 Vistgerðir

Alls koma fyrir 10 landvistgerðir í sex vistlendum á athugunarsvæðinu auk vega sem flokkast undir þéttbýli og annað manngert land (vistgerðakort, 2. tafla). Látravatn flokkast sem tegundaríkt kransþörungavatn en önnur vötn eða tjarnir eru ekki innan afmarkaðs athugunarsvæðis. Hins vegar er lítil tjörn í mýrlendinu við Ytri-Fit, rétt utan svæðisins.

Moslendi er ríkjandi og nær til 65% af flatarmáli athugunarsvæðisins (2. tafla). Þekja annarra vistlenda er um eða innan við 10%.

Hraungambravist er eina vistgerðin innan moslendis á athugunarsvæðinu og þekur samfelld 25 ha frá Látravatni og niður á flatann við Látravík (2. og 12. mynd). Þar tekur við allstór 3 ha fláki með grasríkri mosamóavist sem er önnur af vistgerðum mólendisins sem kemur fyrir á athugunarsvæðinu (3. mynd). Hin er grasmóavist sem kemur fyrir á fleiri en minni blettum ofar á svæðinu þar sem landinu hallar (2. og 4. mynd). Samtals þekur grasmóavist tæplega 1 ha. Þegar komið er enn lengra niður á flatann þéttist grasvöxturinn smám saman og allgróskumikil língresis- og vingulsvist, sem þekur nær samfelld um 1,7 ha, tekur þá við af mosamóavistinni (5. mynd). Stinnastaravist, sem er fremur rýrt og mosaríkt graslendi, nær yfir álíka stórt svæði eða um 1,4 ha og finnst í deigum dældum í heiðinni við Örlygshafnarveg við Látravatn (6. mynd).

Mýrlendi nær yfir um 2 ha og er að stærstum hluta hrossanálarvist á deigu og sendnu landi beggja vegna Örlygshafnarvegjar þar sem hann liggur um Látravík (7. mynd). Starungsmýravist sem einnig tilheyrir mýrlendi er samtals um 0,4 ha og kemur fyrir á nokkrum blautum blettum innan um hrossanálarvistina og língresis- og vingulsvistina í Látravík auk þess sem tveir litlir starungsmýrarblettir eru við Látravatn (8.–9. mynd).

Innan mela og sandlendis kemur mosamelavist allvíða fyrir innan um hraungambravistina í hálfgrónum og grýttum blettum og flákum (10. mynd) og samtals þekur hún um 1,8 ha. Eyðimelavist er aðeins um 0,4 ha og er aðallega á hálffröskuðu landi meðfram Örlygshafnarvegi efst á athugunarsvæðinu. Gróðurþekja þar er að jafnaði mjög lítil.


Af vistlendum innan athugunarsvæðisins hefur strandlendi hlutfallslega minnsta útbreiðslu. Þar er eingöngu um að ræða grashólavist sem samtals þekur rúmlega 1 ha (11. mynd). Grashólavist finnst á þurrum sandöldum, beggja vegna Örlygshafnarvegjar í Látravík á svipuðum slóðum og hrossanálarvist.

Örlygshafnarvegur og malarplan út frá honum flokkast sem þéttbýli og annað manngert land, sem er innan við 1 ha eða um 2% af flatarmáli athugunarsvæðisins.

Látravatn er eina ferskvatnsvistgerðin innan afmarkaðs athugunarsvæðis og flokkast sem tegundaríkt kransþörungavatn. Aðeins 0,02 ha vatnsins koma inn á jaðar svæðisins sem er vel innan við 1% af flatarmáli þess.



1. mynd. Horft yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði nýs vegar frá Látravatni til Látravíkur. Moslendi er ríkjandi á ofanverðu svæðinu en graslendi og deiglendi með mýrarblettum einkenna flatlendið. Ljósmynd. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



2. mynd. Lyngtegundir og smárunnar mynda skellur í hraungambravist. Undir hjallanum fjar á myndinni er grasmóavist. Ljósmynd. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



3. mynd. Grasrik mosamóavist tekur við af hraungambravist þegar komið er niður á flatlendið í Látravík. Á myndinni er Britta Steger. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



4. mynd. Tegundarík grasmóavist þar sem ægir sama ýmsum grösom og blómjurtum. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



5. mynd. Allgróskuleg língresis- og vingulsvist á flatlendinu í Látravík þar sem grasvöxtur er þéttastur. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



6. mynd. Stinnastararvist í rakri dæld ofan við Örlygshafnarveg við Látravatn. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



7. mynd. Hrossanálarvist í Látravík. Hrossanálin vex ýmist í þéttum breiðum eða í minni blettum innan um mýrastör og hálmgresi. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



8. mynd. Starungsmýravist í Látravík. Mýrastör er rikjandi en þar sem minni raki er vaxa sums staðar klóelfting og brennisóley í breiðum. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



9. mynd. Starungsmýravist myndar kraga við flæðarmál Látravatns. Tágamura var þar áberandi í blettum ásamt túnsúru, skariffli og fleiri blómjurtum. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



10. mynd. Hálfgróin og grýtt mosamelavist neðan við Kistur. Á flatlendinu sést í gras- og mýrlendið sunnan við byggðina í Hvallátrum. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



11. mynd. Grashólavist við Örlygshafnarveg í Látravík. Kattartunga, blóðberg og gulmaðra vaxa innan um túnvingulinn sem er ríkjandi í vistgerðinni. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



12. mynd. Blávingull og túnvingull ásamt fleiri grasleitum tegundum vaxa strjált í mosapembunni sem einkennir hraungambravist. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.

4.2 Flóra

Í vettvangsferð þann 23.–24. júlí 2019 voru 85 æðplöntutegundir skráðar á sjö stöðvum (skráningastöðum) innan athugunarsvæðisins auk átta tegunda rétt utan afmarkaðs athugunarsvæðis (vistgerðakort, 1. viðauki). Þar af voru 25 tegundir óskráðar á svæðinu miðað við gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fyrir voru 94 tegundir æðplantna skráðar í gagnagrunn stofnunarinnar við Látravatn, Látravík og Hvallátra. Á athugunarsvæðinu og í grennd við það hafa því nú samtals verið skráðar 119 tegundir æðplantna, að meðtöldum ættkvíslum túnfífla og undafífla. Einnig eru 76 tegundir mosa og 10 fléttutegundir skráðar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands á svæðinu, þ.e. við Látravatn, Hvalláttur og Látravík.

Á bilinu 16–40 tegundir voru skráðar í mismunandi vistgerðum á skráningarstöðvum. Flestar tegundir æðplantna voru skráðar í grasmóavist á stöð S06 eða 40 tegundir. Fjöldi æðplantna innan stöðva var oftast í kringum 30 tegundir í hverri vistgerð en allnokkur munur gat verið á fjölda tegunda í sömu vistgerðum milli stöðva. Til dæmis fundust helmingi færri tegundir í hraungambravist á stöð S02 heldur en á stöð S03 og í starungsmýravist á stöð S01 voru skráðar 32 tegundir æðplantna en aðeins 16 tegundir á stöð S07.

Þær tegundir sem komu fyrir á flestum stöðvum á athugunarsvæðinu voru gulmaðra, blóðberg, kattartunga, túnvingull og vallhæra (4. og 11. mynd). Þetta eru allt algengar tegundir sem geta vaxið í mörgum vistgerðum, einkum þar sem gróður er tiltölulega lágvaxinn eins og í hraungambravist, mosamelavist og graslendisvistgerðum líkt og koma fyrir á athugunarsvæðinu en eru ekki endilega ríkjandi eða einkennandi fyrir þær vistgerðir. Kattartunga vex að öllu jöfnu nærri sjó, oftast í klettum og á sjávarfitjum en er einnig algeng t.d. í snöggu graslendi eða grasríku mos- og mólendi á svæðum þar sem loftslag er mjög hafrænt líkt og er á athugunarsvæðinu (Hörður Kristinsson o.fl. 2018).

Að öðru leyti endurspeglaði tegundasamsetning æðplantna vistlendi og vistgerðir á svæðinu. Gamburmosar (*Racomitrium* sp.) eru ríkjandi eða einkennandi í útbreiddustu vistgerðunum á athugunarsvæðinu, þ.e. hraungambravist, mosamóavist og mosamelavist. Lyngtegundir og smárunnar eins og krækilyng, grasvíðir og holtasóley mynduðu dreifðar skellur í mosanum en þekja þeirra var töluvert meiri þar sem þær uxu í grasmóavist ásamt bláberjalyngi og blóðbergi (t.d. 2. og 4. mynd). Grös og grasleitar tegundir eru ýmist ríkjandi eða einkennandi í nær öllum vistgerðum á svæðinu en hlutfall einstakra tegunda er mishátt og fylgitegundir eru mismunandi. Túnvingull var allsráðandi grastegund í língresis- og vingulsvist (5. mynd). Hann var einnig ríkjandi í grashólavist auk þess var hann áberandi innan um stinnastör sem var ríkjandi í stinnastaravist. Blávingull ásamt týtulíngresi og bugðupunti voru einkennandi grastegundir í grasmóavist ásamt fleiri grasleitum tegundum eins og móasefi og vallhæra (4. mynd). Vinglar, móasef og stinnastör uxu fremur strjált í hraungambravist og mosamelavist en túnvingull og blávingull höfðu töluverða þekju í mosamóavist (3. og 12. mynd). Blómjurtir eins og gulmaðra og kattartunga voru mjög algengar á svæðinu eins og áður hefur komið fram en höfðu sjaldnast mikla þekju. Þær settu einna helst svip sinn á grasmóavist ásamt ljónslappa, silfurmaríustakki, undafíflum og maríuvendi (4. mynd), og grashólavist ásamt lokasjóði og gullvendi (11. mynd). Hrafnaklukka var áberandi í gróskulegum og deigum vistgerðum eins og í graslendinu og mýrlendinu (5. mynd). Þar uxu einnig brennisóley, stjörnuarfi og fleiri blómjurtir ásamt klóelftingu sem óx í breiðum í rökum dældum eða gömlum vatnsrásum (8. mynd).

Hrossanál, mýrastör og hálmgresi voru algengustu tegundirnar í mýrlendi. Hrossanál myndaði þéttar breiður í hrossanálarvist en sumstaðar óx hún í minni blettum innan um mýrastör, hálmgresi

og túnvingul (7. mynd). Bjúgstör, lágvaxin stör sem vex í sendnu landi, óx víða í hrossanálarvist og grashólavist á athugunarsvæðinu og melgresi myndaði sums staðar áberandi brúska í hrossanálarvistinni næst ströndinni. Mýrastör var ríkjandi í starungsmýravist og með henni uxu aðallega klóelfting, hrossanál og hálmgresi í mýrlendinu við Látravík. Í starungsmýravist meðfram Látravatni voru hins vegar grös eins og skriðlíngresi, vallarsveifgras og vinglar helstu fylgitegundir með mýrastör, sem og blómjurtir eins og tágamura, túnsúra, brennisóley, skarífifill og mýradúnurt (9. mynd). Fáar aðrar starir uxu með mýrastör en þó má nefna að belgjastör óx á stangli en hún kom einnig fyrir í stinnastaravist þar sem hún óx nokkuð þétt í deigustu blettunum. Klófifa sem annars er algeng tegund í starungsmýravist fannst aðeins á stöku stað við Látravatn. Tvær tegundir vatnplantna, síkjamari og vorbrúða, fundust í Látravatni sem flokkast sem tegundaríkt kransþörungavatn en flagasóley og skriðdepla saumuðu sig eftir flæðarmálinu. Hrafnafífa, vatnsnarfagrás og trefjasóley eru votlendis- og vatnplöntur sem gjarnan vaxa við járnríkar uppsprettur en þær fundust í og við litla tjörn í gróskulegri starungsmýravist við Ytri-Fit rétt sunnan við athugunarsvæðið (13.–14. mynd).

4.3 Fuglar

Í 3. töflu er yfirlit yfir fuglategundir sem sást við athuganir og aðra þekktu/líklega varpfugla á svæðinu. Mest bar á ritum en þær nota Látravatn til baða og hvíldar og var stanslaus umferð fugla upp í vatnið á meðan athugunum stóð (15. mynd). Himbrimi sást á vatninu þann 23. júlí en ekki daginn eftir og skúfandarkolla fældist upp frá bakkanum þann 24. júlí. Sandlour voru einnig í grennd við vatnið.

3. tafla. Fuglategundir sem sást við athuganir sumarið 2019 og staða þeirra sem eru á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c).

Tegund	Staða á valista
Himbrimi	Í nokkurri hættu (VU)
Skúfönd	
Tjaldur*	Í nokkurri hættu (VU)
Sandlóa	
Heiðlóa	
Sendlingur*	Í hættu (EN)
Louþræll	
Hrossagaukur	
Spói	
Stelkur	Í yfirvofandi hættu (NT)
Óðinshani	Gögn vantar (DD)
Kjóí	Í hættu (EN)
Hettumáfur	
Ríta	Í nokkurri hættu (VU)
Kría	Í nokkurri hættu (VU)
Þúfutittlingur	
Hrafn	Í nokkurri hættu (VU)
Snjótittlingur	Í nokkurri hættu (VU)

* Sást ekki en er þekktur/líklegur varpfugl

Við frístundabyggðina í Látravík er kriuvarp, gróflega áætlað í kringum 50–60 pör, og voru kríur víða á flugi, m.a. við Látravatn. Einnig sækja þær í litla tjörn í mýrlendinu við Ytri-Fit (vistgerðakort, 13. mynd) og þar voru einnig nokkrir óðinshantar á sundi.

Í mos- og mólendinu í hlíðinni voru þúfutittlingar og heiðlóur ríkjandi og einnig heyrðist í spóa og snjótittlingi. Vitað er að sendlingar verpa dreift á svæðinu (Ólafur K. Nielsen, munnleg heimild). Þegar neðar er komið tekur við gras- og mýrlendi og þar mátti heyra í stelk, hrossagauk, spóa og þúfutittlingi auk þess sem louþræll með unga sást. Gera má ráð fyrir að töluvert sé um tjalda og sandlour nær ströndinni á varptíma. Þá sást tveir kjóar á flugi.



13. mynd. Lítill tjörn í starungsmýravist rétt sunnan við athugunarsvæðið í Látravík. Kría sækir í tjörnina. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



14. mynd. Trefjasóley, mýrelfting og vatnsnarfagras við litla tjörn rétt sunnan við athugunarsvæðið í Látravík. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



15. mynd. Rituhópur á tanga við Látravatn en ritan nýtir vatnið til böðunar og hvíldar. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.



16. mynd. Kríuvarp er við frístundabyggðina í Hvallátrum. Kríuungum stafar hættu af bílaumferð í gegnum byggðina. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.

5 UMRÆÐUR

5.1 Vistgerðir og flóra

Allflestar vistgerðir á athugunarsvæðinu eru algengar á landsvísu og finnast í flestum landshlutum en heildarflatarmál einstakra vistgerða er mismikið. Grashólavist finnst í öllum landsfjórðungum en telst hins vegar fágæt því heildarflatarmál hennar reiknast aðeins um 50 km² á öllu landinu. Óvissa er þó nokkur þar sem óglögg skil geta verið við líkar vistgerðir, t.d. hrossanálarvist. Þess má geta að hrossanálarvist hefur fram að þessu ekki verið kortlögð á sunnanverðum Vestfjórðum (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Mosamóavist hefur sömuleiðis lítt verið kortlögð á því svæði.

Við mat á verndargildi vistgerða er horft til fágætis, tegundaauðgi, grósku og kolefnisforða í jarðvegi. Samkvæmt frummati Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi vistgerða á athugunarsvæðinu mishátt (Jón Gunnar Ottósson og Sigurður H. Magnússon 2016). Nýlega var gefin út skýrsla um aðferðir þar sem m.a. var gerð grein fyrir svokölluðum forgangsvistgerðum við val svæða á B-hluta náttúruminjaskrár og er hér horft til þess (Olga K. Vilmundardóttir o.fl. 2019). Einnig er tekið til þess hvort að tiltekin vistgerð sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar en Ísland á aðild að samningnum (Council of Europe 2019). Síðast en ekki síst er litið til þess hvort um sé að ræða vistgerð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013).

Starungsmýravist er verðmætasta vistgerðin á athugunarsvæðinu miðað við gefnar forsendur (2. tafla). Hún er ein af 31 landvistgerð sem hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð með mjög hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016, Olga K. Vilmundardóttir o.fl. 2019). Hún er einnig á lista Bernarsamningsins og á svæðum þar sem hún nær samfelld yfir 2 ha nýtur hún verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (Council of Europe 2019, Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Verndargildi þriggja landvistgerða, grashólavistar, língresis- og vingulsvistar og grasmóavistar, er metið hátt og verndargildi hrossanálarvistar og stinnastarvistar er metið miðlungi hátt. Allar fimm eru á lista Bernarsamningsins. Verndargildi annarra landvistgerða á athugunarsvæðinu er lágt.

Verndargildi Látravatns sem tegundaríks kransþörungavatns er einnig metið hátt og er á lista Bernarsamningsins. Auk þess sem stöðuvötn stærri en 1000 m² njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013) en Látravatn er 0,135 km² (17. mynd)

Athugunarsvæðið frá Látravatni að Látravík fellur undir svæði nr. 307 á náttúruminjaskrá, aðallega vegna stórkostlegra fuglabjarga, en einnig er litið til þess að bjargbrúnir og heiðar eru vel grónar og fjöldi þjóðminja er á svæðinu (Umhverfisstofnun). Athugunarsvæðið er einnig innan svæðis sem nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006–2018 (Yngvi Þór Loftsson o.fl. 2008).

Lagning nýs vegar frá Örlygshafnarvegi (612) við Látravatn og aftur inn á Örlygshafnarveg á flatanum við Ytri-Fit í Látravík mun hafa áhrif á allt að 39 ha svæði miðað við þær forsendur að afmarkað athugunarsvæðið jafngildi mögulegu áhrifasvæði. Veglínin sem er um 1,8 km löng liggur að mestu leyti um óraskað og allvel gróið svæði. Frá Látravatni mun vegurinn liggja nær eingöngu um moslendi, þar sem hraungambrovist er ríkjandi og síðan mosaríkt mólendi með mosamóavist þegar komið er nokkuð niður á flatlendið (vistgerðakort, 1.–3. mynd). Á þessum 1,5 km kafla, eru melavistgerðir, aðallega mosamelavist, stinnastaravist og grasmóavist,



17. mynd. Horft yfir Látravatn sem er um 0,14 km² Ljósm. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.

ríkjandi í minni flákum og blettum sem oftast eru utan við veglínuna sjálfa (4., 6. og 10. mynd). Starungsmýravist í tveimur smáblettum við og meðfram Látravatni og örlítill hluti vatnsins eru í jaðri athugunarsvæðisins og því litlar líkur á að framkvæmdir munu valda þar beinu raski (9. mynd). Á þessum hluta veglínunnar er farið yfir óraskað og allvel gróið svæði. Bein áhrif framkvæmda eru langmest á vistgerðir með lágt verndargildi en óhjákvæmilegt er að aðrar vistgerðir með hærra verndargildi, s.s. grasmóavist, muni verða fyrir einhverju raski. Gera má ráð fyrir að bein áhrif framkvæmda á vistgerðir verði miðlungi mikil miðað við mikilvægi þeirra.

Á síðustu 300–400 metrunum innan athugunarsvæðisins mun veglínan liggja yfir mjög vel gróið svæði og þvera língresis- og vingulsvist, grashólavist og hrossanálarvist, auk þess sem hún mun liggja nærri starungsmýrablettum (vistgerðakort, 5., 7.–8. og 11. mynd). Allar fjórar vistgerðirnar sem koma fyrir á þessum stutta kafla eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og eru þær allar með miðlungi hátt, hátt eða mjög hátt verndargildi (2. tafla). Eins og fram hefur komið nýtur votlendi sem er stærra en 2 ha sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Starungsmýravist fellur undir skilgreiningu laganna á votlendi en hún hefur allnokkra útbreiðslu ofan við Örlygshafnarveg í Látravík (18.–19. mynd). Heildarflatarmál hennar innan athugunarsvæðisins er undir 0,5 ha (2. tafla). Undir skilgreininguna falla einnig starungsmýrablettir sem eru hluti af stærri flákum utan við afmarkað svæði en sá stærsti er um 1,2 ha að flatarmáli (20. mynd). Líkt og á fyrri hluta veglínunnar verður að mestu farið yfir óraskað svæði og miðað við mikilvægi vistgerða er ljóst að bein staðbundin áhrif framkvæmda verða mikil.

Hér er einnig vert að benda á að gróðurfar í Látravík er um margt sérstakt. Þar ægir saman á tiltölulega litlu svæði ólíkum vistgerðum sem einkum endurspeglar sendið undirlagið, samanber



18. mynd. Horft til suðurs í átt að Brunnanúpi. Gróskulegur starungsmýrafláki sem umkringir tjörnina rétt sunnan við athugunarsvæðið. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.




19. mynd. Starungsmýri teygir sig til norðurs frá athugunarsvæðinu í átt að Hvallátrum en Bjarnarnúpur gnæfir yfir byggðinni. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 24. júlí 2019.

